

# Kennsluáætlun 2026-2027

## 4. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Kennari: Jenny, Lára og Vigdís



### Markmið:

Að nemendur

- nýti sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum og noti tugakerfisrithátt.
- nýti aðferðir og leiðir til að leysa þrautir og getur rökstutt svör sín.
- raði náttúrulegum tölum í stærðarröð frá 0-1.000.000.
- geti borið saman mismunandi stærðir og þekki hugtökin meira en, minna en og jafnt og .
- þekkir sléttar tölur og oddatölur.
- Geti námundað að næsta tug, hundruð og þúsund.
- Geti tekið til láns í frádráttardæmi og geti geymt í samlagningardæmi.
- Geti kannað, búið til og tjáð sig um reglur í einföldum talnarunum og myndrænum mynstrum.
- Geti mælt með stöðluðum og óstöðluðum mælieiningum s.s. með bréfastekjum, strokleðrum, blýöntum o.fl.
- Kann heilu og hálfu tímana auk korteranna á skífuklukku.
- Hliðra, spegla og snúi flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum, spá fyrir um framhald mynsturs.
- þekki hugtökin ummál og flatarmál geti unnið með þau.
- Taki þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnaleyðir.
- Vinni einstaklingslega og í samvinnu að lausnum á stærðfræðilegum viðfangsefnum með því að kanna, rannsaka og setja fram tilgátur.
- Kunni 10 og 20 vinina og not sér þá við reikning.
- þekki verðgildi peninganna 1 kr. 10 kr. 50 kr. 100 kr. 500 kr. 1000 kr. 5000 kr og 10.000 kr.
- Kunna margföldunartölur 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, og 10.
- Geti sett einfalda könnun upp í tíðnitöflu og birt niðurstöður úr könnun á myndrænan hátt.
- Viti hvað 1 cm er og tengi það við breidd litla fingurs, 10 cm og tengi það við lengd handar, 1 m og tengi það við risa skref.
- þekki formin og hugtökin yfir ferning, rétthyrning, hring, þríhyrning, ferhyrning, fimmhyrning, trapísu, tígul og samsíðung.
- Noti rétt heiti yfir stærðfræðitákni og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun náttúrulegra talna.
- Geti sett upp samlagningardæmi með þriggja stafa tölum og fundið lausn þeirra.
- Noti rúðunet með höfuðáttum í rauntengdu samhengi og teikna og staðsetja punkta í hnitakerfi.
- þekki rúmfræðiformin kúlu, sívalning, þrístrending, ferstrending, tening, píramída og keilu.
- Geti gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívígum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu.
- Geti lesið tímasetningar á bæði skífuklukku og tölvuúr og les tímatölur.
- Þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með náttúrulegum tölum.
- Vinni með brot, geti lagt saman einföld brot og fundið samnefnara.

- Geti fundið eina óþekkta stærð í jöfnu með heiltölum og rökstutt lausnir sínar.
- Þekki tengsl á milli algengra mælieininga metrakerfisins innbyrðis.

### **Kennsluaðferðir/vinnulag:**

Kennslustund hefst á upprifjun fyrri tíma og við tekur svo innlögn á efni tímans. Nemendur vinna í stuttum vinnulotum, í kringum 20 mínútur í senn ásamt uppbroti í miðju tímans. Uppbrotið reynir á t.d. félagsfærni, samhæfingu, tjáningu, viðfangsefni tímans ásamt fleiru.

Nemendur hafa sinn námsfélaga og munu þeir af og til kljást saman við ýmsar spurningar sem hvetja til samræðna tengt efninu. Nemendur vinna ýmist einstaklingslega eða í þörum/hópum með skólafélögum. Nemendur vinna einstaklingslega í vinnubókum en geta leitað eftir aðstoð sessunautar ef svo ber undir. Í verkefnum frá kennurum vinna nemendur oft í hópum og styðja hvert annað í náminu. Verkefnum utan vinnubóka er safna í stílabók og metin af bæði nemendum og kennurum.

Tvisvar í viku eru kennslustundir skipulagðar sem “hringekja” þar sem nemendum er skipt í þrjá hópa og fær hver hópur afmarkað viðfangsefni til að kljást við. Verkefnin eru af fjölbreyttum toga, t.d. verklegar æfingar, vinnublöð/-bækur, gagnvirkar æfingar o.fl.

### **Námsmat:**

- Leiðsagnarnám/-mat verður leiðarljós við allt námsmat.
- Nemendur meta sín verkefni ásamt kennurum og fá endurgjöf á vinnu sína.
- Símat á sér stað í öllum kennslustundum þar sem nemendur fá endurgjöf í gegnum spurningar og samtal við kennara.
- Nemendur þreyta stutt stöðumat á 5-6 vikna fresti til að rifja upp það sem búið er að gera og festa ýmis hugtök og aðgerðir betur í minni nemandans.
- Við lok hverrar námsbókar tekur nemandi yfirlitspróf sem gefur til kynna hvert skal stefna.

### **Námsgögn:**

- Sproti 3a/3b, Sproti 4a/4b, Stika 1a.
- Námsefnið Evolytes (námsbók og tölvuleikur).
- Verkefni frá kennurum og af vef.
- Námsleikir í anda Leikur að læra.
- Námsleikir á vef.